

Nefndasvið Alþingis,  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Alþingi v/Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. október 2014  
2014090018/42-1-1  
TB  
jgo/tb

### Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 467. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 25. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (fjölgun tilkynningarskyldra framkvæmda, EES reglur) 53. mál.

Náttúrufræðistofnun telur framangreint frumvarp vera mjög til bóta. Verði frumvarpið að lögum þarf að tilkynna mun fleiri framkvæmdir til ákvörðunar um matsskyldu en áður þar sem að ákvörðunin má ekki, eins og í núgildandi lögum, eingöngu byggjast á stærðar- eða magnmörkum. Framvegis mun þurfa að taka tillit til annarra viðmiða, s.s. eðli framkvæmdar og staðsetningar í samræmi við 2. viðauka (nú 3. viðauki) laganna. Með þessu verður betur tryggt að markmiðum laganna verði náð í samræmi við athugasemdir Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Sú breyting verður einnig á lögnum að ákvörðun um matsskyldu framkvæmda í C flokki, sbr. c lið 2. gr. frumvarpsins, mun færast yfir til sveitarfélaga séu framkvæmdirnar háðar framkvæmdarleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki. Undanskyldar eru framkvæmdir sem háðar eru leyfi Mannvirkjastofnunar. Það ber að fagna því að sveitarfélög vilja taka á sig þá ábyrgð sem felst í því að ákvarða um matsskyldu tiltekinna framkvæmda. Sveitarfélög eru þó mjög misjafnlega í stakk búin til að taka á sig þá faglegu ábyrgð sem fylgir framangreindri breytingu m.a. vegna skorts á sérþekkingu. Fámenn sveitarfélög með litla sem enga yfirbyggingu geta verið víðfeðm með verðmætt náttúrufar auk þess sem nálægð við framkvæmdaraðila getur verið mikil. Eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu má vissulega segja að eðlilegt sé að gera að einhverju leyti minni kröfur um málsmeðferð fyrir framkvæmdir í C flokki, en A og B flokki, því þær eiga í flestum tilfellum að vera ólíklegri til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Engu að síður er mikilvægt að tryggt sé að kröfur um málsmeðferð vegna framkvæmda í C flokki séu skýrar, samræmi sé í vinnslu samskonar mála milli sveitarfélaga óháð stærð þeirra og að tryggt sé að við ákvörðun um matsskyldu hafi verið leitað til viðeigandi fagaðila eftir því sem við á.




Í upptalningu á framkvæmdum í C flokki er oft tekið fram að einungis sé átt við framkvæmdir utan verndarsvæða. Þetta á þó ekki alltaf við sjá t.d. 1.11 og 1.12 þauleldi á fiski og 3.24 og 3.25 um vindafl. Bæði er að verndarsvæði geta verið í ferskvatni og í sjó og meginmarkmið á tilteknu verndarsvæði getur verið landslagvernd þar sem t.d. vinmyllur geta haft mikil áhrif. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki ljóst í frumvarpinu hvers vegna verndarsvæði / friðlýst svæði eru ekki ávallt undanskilin í C flokki. Stundum má finna skýringuna í lögnum þ.e. að t.d. í B flokki er sértaklega tekið fram að sá flokkur eigi einnig við um framkvæmdir á verndarsvæðum, sbr. skógrækt, sem er vel. Á friðlýstum svæðum eru oftast fleiri leyfisveitendur auk sveitarfélaga, t.d. Umhverfisstofnun. Framkvæmdir á friðlýstum svæðum varða einnig mjög oft almenn atriði í náttúruvernd á landsvísu. Það er því ekki ljóst hvers vegna þetta misræmi er á milli ákvörðunar um matsskyldu framkvæmda sem geta verið innan verndarsvæða. Þetta er hins vegar ljóst þegar um ræðir leyfi sem Mannvirkjastofnun gefur út. Þetta mætti t.d. laga með því að það kæmi fram í lögnum að Skipulagsstofnun tæki ákvörðun um matsskyldu allra framkvæmda á verndarsvæðum og/eða þar sem þyrfti leyfi skv. lögum um náttúruvernd.

Í b lið 4. gr. frumvarpsins segir í 3. mgr. að sveitarstjórn skuli taka ákvörðun um matsskyldu innan tveggja vikna frá því að fullnægjandi gögn berast en þriggja vikna ef sveitarstjórn leitar álits. Þetta virðast nokkuð óraunhæf tímamörk nema að með fullnægjandi gögnum sé átt við að öll gögn hafi borist þ.m.t. allar umsagnir sem sveitarstjórn kann að leita eftir svo og annað sem til kann að falla. Í mörgum tilfellum þurfa fleiri en ein nefnd hjá sveitarfélögum að skoða viðkomandi mál og óvíst hvað slíkt tekur langan tíma. Til dæmis geta framkvæmdaraðilar eða umsagnaraðilar þurft að koma á fundi nefndanna en sumar framkvæmdir eru nýjar af nálinni og áhrif þeirra lítt þekkt. Hér virðist svolítið eins og að krafa um málshraða hafi alfarið forgang jafnvel á kostnað ábyrgrar og faglegra vinnubragða og stjórnsýslu. Ef mál eiga að ganga hratt fyrir sig þarf einnig að gera þá kröfu að framkvæmdaraðili skipuleggi fyrirhugaðar framkvæmdir með góðum fyrirvara og í samræmi við raunverulega afkastagetu þeirra sem að málinu koma á öllum stigum þess.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

